

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2018, miðvikudaginn 19. september kl. 9:10, var haldinn 10. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Baldur Borgþórsson, Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Agústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Sonja Wium, Marta Grettisdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 3, 5, 8 og 9 Fjármálastjóri umhverfis- og skipulagssviðs situr fundinn undir lið 1. Fundarritari er Örn Sigurðsson.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Umhverfis- og skipulagssvið, starfs- og fjárhagáætlun 2018 Mál nr. US180266

Kynnt drög að starfs- og fjárhagsáætlun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019. Einnig eru kynnt drög að gjaldskrá umhverfis- og skipulagssviðs.

Drög að rekstraryfirliti USK aðalsjóður.

Drög að rekstraryfirliti USK eignasjóðs.

Drög að greinargerð með fjárhagsáætlun.

Skipulags- og samgönguráð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir skipulags- og samgönguráðs um áherslur og forgangsröðun og markaða stefnu í málaflokknum.

Vísad til borgarráðs.

Fulltúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins

Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. september 2018.

3. Fossvogshverfi, breyting á skilmálum (01.85) Mál nr. SN180637
vegna einbýlishúsa

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 14. september 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulagsins Fossvogshverfis. Í breytingunni felst að skilgreinar nýtingarhlutfall ofanjarðar og bæta við heimild til nýtingarhlutfalls ofanjarðar vegna B-rýma.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

4. Kjalarnes, Hólaland, deiliskipulagi (32.45) Mál nr. SN180266
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ask Arkitekta ehf. dags. 9. apríl 2018 ásamt greinargerð dags. 9. mars 2018 varðandi nýtt deiliskipulag í Hólalandi á Kjalarnesi. Í tillögunni felst uppbygging á sambýli með 6-8 íbúðum allt að 700 fm, samkvæmt uppdr. Ask Arkitekta ehf. dags. 11. september 2018. Lagt fram að nýju ásamt umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. maí 2018 og húsa- og fornleifaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 10. september 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

5. Sólvallagata 67, breyting á deiliskipulagi (01.138.2) Mál nr. SN180625
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 6. september 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 67 við Sólvallagötu, Vesturbæjarskóli. Í breytingunni felst að lóðin er stækkuð í suðvesturenda. Vesturvallagata er lögð af sem akstursgata milli Hringbrautar og Ásvallagötu og bætist það svæði við lóðina. Fjögurra m. breið gönguleið á milli skólalóðar og lóðanna Ásvallagötu 81 og Hringbrautar 112-114. Girðing meðfram lóðarmörkum á stækkun lóðar skal vera hámark 1.2 m. á hæð, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. september 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Úlfarsfell, nýtt deiliskipulag (02.6) Mál nr. SN170752
470905-1740 Sýn hf., Pósthólf 166, 232 Keflavík

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði á toppi Úlfarsfells þar sem fyrirhugað er að reisa 50 metra hátt fjarskiptamastur fyrir loftnet og tækniskýli með útsýnispalli. Umrædd framkvæmd tryggir fullnægjandi útvarps- og fjarskiptaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og til að lágmarka sjónræn áhrif mannvirkja er lagt til að unnið verði með náttúruleg byggingarefni á þann hátt að mannvirkin falli sem best inn í landslagið og umhverfið. Stærð skipulagssvæðis er um 1,3 ha, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 7. september 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fjórum atkvæðum Fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur og fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bókar:

Miðflokkurinn leggst alfarið gegn fyrirhuguðum framkvæmdum á einum vinsælasta útsýnsstað borgarinnar.

Eftirtekt vekur hversu hart Reykjavíkurborg hefur gengið fram í þessu máli þvert gegn vilja íbúa Úlfarsárdals, Grafarholts sem og íbúa borgarinnar almennt. Það má sjá á þeim óleyfisframkvæmdum sem þegar hefur verið ráðist í og standa nú á Úlfarsfelli. Nú skulu téðar óleyfisframkvæmdir notaðar sem helstu rökin fyrir frekari framkvæmdum.

Samkvæmt uppl. er helsti ávæningur af téðum framkvæmdum tengdur fm útvarpsendum. Á sama tíma eru fm rásir á undanhaldi víðast hvar í Evrópu.

Málsrök bera með sér að slá skuli ryki í augu sjáandans með fyrirheitum um útsýnipalla og náttúruleg byggingarefni. Það er ekkert náttúrulegt við 50m hátt stálmastur hlaðið tækjabúnaði sem sendir frá sér slíka geislun að búnaðurinn var tekinn niður í Kópavogi vegna ógnar við heilsu íbúa. Að ætla sér að færa vandann yfir á íbúa Reykjavíkur er ekki lausn. Það er ósvífni.

Fyrir liggur að hér er um að ræða hagsmuni einkafyrirtækis, ekki íbúa.

Hér er komið mál sem snýst um hvort gæta skal hagsmuna einkafyrirtækis eða íbúa borgarinnar og er afstaða Miðflokksins skýr: Gæta skal hagsmuna íbúa.

Það er tillaga Miðflokksins að þessari aðför að íbúum ljúki hér og vilji íbúa verði virtur. Jafnframt að núverandi óleyfisbúnaður verði fjarlægður án tafar.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

“Meirihluti S,C,P lýsir yfir ánægju með útfærslu útsýnispalls í tengslum við nýtt mastur á Úlfarsfelli. Fyrirhugað mannvirki mun stórbæta þá almannaþjónustu sem útvarpssendingar eru auk þess mun verða til fyrsti og eini útsýnisstaðurinn í borginni sem verður aðgengilegur öllum. Mastrið sem um ræðir er hátt og mikið mannvirki og mun sjást víða að, mikilvægt er að útlit og val á byggingarefnum taki tillit til þess. Lagt er til að haldinn verði opinn íbúa- og hagsmunaaðilafundur á auglýsingatíma.”

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka.

“Úlfarsfellið er orðin ein helsta útivistarperla Reykvíkinga og fjöldi manns er gengur á Úlfarsfell dag hvern. Þá er Ferðafélag Íslands með skipulagðar göngur á Úlfarsfell vikulega.

Það er ljóst að með þéttingu byggðar í Úlfarsárdal og Reynisvatnsási þá verður ekki prýði hvorki fyrir þá sem stunda útivist á Úlfarsfelli eða þeirra er búa á svæðinu af 50 metra háu fjarskiptamastri á toppi Úlfarsfells. Sjónræn áhrif verða því alltaf mikil af mastrinu.

Fullt samráð þarf að vera við íbúa svæðisins og Ferðafélag Íslands þegar farið er í jafn viðamiklar framkvæmdir og fyrirhugaðar eru á Úlfarsfelli”.

Fulltrúi Arkís Sigurbjörg Helga Gunnbjörnsdóttir og fulltrú VB.V. ehf Gautur Þorsteinsson og fulltrúi Vodafone/Sýn Sigurbjörn Einarsson tak sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Stekkjarbakki Þ73, nýtt deiliskipulag (04.6) Mál nr. SN160907

Lögð fram tillaga Landslags ehf. dags. 16. september 2018 að deiliskipulagi fyrir Stekkjarbakka Þ73. Um er að ræða nýtt skipulag á svæðinu norðan Stekkjarbakka þar sem er skilgreint opið svæði og þróunarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í tillögunni eru skilgreindar nýjar lóðir, byggingareitir og hámarks byggingarmagn á svæðinu. Sýndar eru nýjar aðkomur inn á svæðið og fjöldi bílastæða skilgreint. Frestað.

Fulltrúi Landslags Þráinn Hauksson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Héðinsreit, reitur 1.130.1, breyting á (01.130.1) Mál nr. SN170526
deiliskipulagi
421003-3430 Teikn arkitektaþjónusta ehf, Skipholti 25, 105 Reykjavík

Kynnt drög að tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Héðinsreit. Breytingin nær til byggingarreita, byggðamynsturs, lóðamarka, hæða húsa og starfsemi á jarðhæðum. Felld er úr gildi byggingarheimild fyrir hjúkrunarrými og heimild

bætt inn fyrir samsvarandi byggingarmagn undir íbúðir og heimild er sett inn fyrir hótél við Seljaveg.
Kynnt.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnistjóri, Soffía Valtýsdóttir og Orri Steinarsson arkitektar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

Fulltrúum S, C og P list vel á fyrirhugaða uppbyggingu á Héðinsreit. Hún mun hleypa lífi á lykilreit sem hefur fram til þess verði að mestu leyti mannlauð og auður. Tillagan hefur mótast í samvinnu skipulagsyfirvalda og lóðarhafa. Við teljum að margt sé vel leyst en viljum árétta nokkra hluti: Mikilvægt er að húsaröð meðfram Vesturgötu falli vel að byggðinni sem er þar fyrir. Við teljum að mikilvægt að bílastæðamál verði skoðuð nánar; Hámarksfjöldi ætti ekki að fara yfir samgöngumat sem miðar við 305 stæði. Í skilmálum deiliskipulagsins er æskilegt að fram komi að bílastæði tilheyri ekki ákveðnum íbúðum heldur kaupri fólk kort í kjallarann eða álíka kerfi sem styður samnýtingu stæðanna. Við teljum enn fremur að inngangur í íbúðirnar verði ekki látinn liggja beint úr bílakjöllurum heldur opnast á yfirborði. Mikilvægt er að almenningsrými inngarðanna sé lifandi og ekki girt af fyrir hótélstarfsemi.

9. Kirkjusandur, breyting á skilmálum (01.34) Mál nr. SN180640
deiliskipulags
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 14. september 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Kirkjusand. Í breytingunni felst breyting á byggingarmagni. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs. Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnistjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

10. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 989 frá 18. september 2018.

(D) Ýmis mál

11. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US180203
Staða malbikunarframkvæmda

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um malbikunarframkvæmdir: Hver er staða malbikunarframkvæmda á götum Reykjavíkurborgar?.
Frestað.

12. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US180202
framkvæmdir við Klambatún, Birkimel,
Rauðagerði og Kringlumýrarbraut

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi hver staðan er staðan á framkvæmda við Klambratún, Birkimel, Rauðagerði og Kringlumýrarbraut? Frestað

13. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, Mál nr. US180264
göngugötur samráð

Lögð fram tillaga áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins þar sem lagt er til að haft verði samráð við Öryrkjabandalagið og önnur sambærileg samtök og kannað álit þeirra meðað annars á fjölgun göngugatna í miðborginni t.d. ef gera á allan Laugavegin að göngugötu og hins vegar vegna tillögu um framlengingu á göngugötutímabilinu."

Einnig er lögð fram greinargerð.
Frestað

14. Tillaga borgarráðsfulltrúa Mál nr. US180072
Sjálfstæðisflokksins, úrbætur á
göngutengslum við Sléttuveg

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. apríl 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. um að vísa svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs: "Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Kjartan Magnússon og Halldór Halldórsson, leggja til að úrbætur verði gerðar á göngutengslum við Sléttuveg í því skyni að auðvelda íbúum við götuna, ekki síst þeim sem eiga erfitt með gang eða nota hjólastóla, að komast á milli húsa og um hverfið. Leitast verði við að tengja saman gangstéttir og göngustíga milli húsa, t.d. Sléttuveg 15-17, svo íbúar þeirra komist hjá því að þurfa að fara eftir götunni þegar þeir fara fótgangandi eða á hjólastól milli húsa. Þá verði úrbætur gerðar á gangstéttarbrúnum í hverfinu og fláum fjölgað í því skyni að auðvelda fólki í hjólastólum að komast leiðar sinnar. Við undirbúning framkvæmda skal samráð haft við öll húsfélög við Sléttuveg og þeim gefinn kostur á að skila ábendingum um hvaða framkvæmdir séu æskilegar svo áður nefndum markmiðum verði náð." Frestað

15. Tillaga fólks flokksins, Göngubrú við Mál nr. US180262
Klambratún

Lögð fram tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins þar sem lagt til að unnið verði áfram með Vegagerðinni við að skoða möguleika á að setja göngubrú á mótis við Klambratún enda er umferðaröngþveitið þar ekki boðlegt borgarbúum lengur. Nú eru þarna gönguljós sem tefja umferð um götuna sem gerir ásandið enn verra og mengunina enn meiri. Göngubrú á þessum stað yrði strax til bóta. Ekki hefur verið full staðfest af sérfræðingum borgarinnar sem og óháðum að brú þarna yfir sé ófær leið. Óskað er eftir að hlutlausir aðilar auk sérfræðinga borgarinnar komi að mati þess hvort göngubrú á þessu svæði sér annars vegar fær kostur og hins vegar góður kostur.

Einnig er lögð fram greinargerð.
Frestað

16. Bárugata 23, kæra 16/2017, umsögn, (01.135.5) Mál nr. SN170089
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 3. febrúar 2017 ásamt kæru þar sem kært er byggingarleyfi fyrir viðbyggingu á lóð nr. 23 við Bárugötu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 18. febrúar 2017. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og

auðlindamála frá 7. september 2018. Úrskurðarorð: Ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 14. júlí 2015 um veitingu byggingarleyfis fyrir viðbyggingu á suðausturhlíð hússins Bárugötu 23 er felld úr gildi.

17. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US180270
Frágangur lóðar við Háteigsskóla

Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi frágang lóðar við Háteigsskóla.
Frestað.

18. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US180271
vegna framkvæmda á Hlíðarfótsreit-
Valsmannareit

Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vegna framkvæmda á Hlíðarfótsreit-Valsmannareit.
Frestað.

19. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US180272
vegna framkvæmda á Landsspítalareit

Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vegna framkvæmda á Landsspítalareit.
Frestað.

20. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Mál nr. US180273
fólksins, Umferðarmál á Grandasvæðinu.

Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi umferðarmál á Grandasvæðinu.

"Hvað ætlar meirihlutinn í Reykjavík að gera er varðar umferðarmál á Grandasvæðinu í Reykjavík?

Komið hefur fram í síðustu könnun sem framkvæmd var fyrir Faxaflóahafnir og unnin af Árna Steini Viggóssyni að megn og vaxandi óánægja er með umferðaröryggi á svæðinu hjá þeim sem stunda þar atvinnurekstur, gangandi og hjólandi og akandi vegfarendur og hinum mikla fjölda ferðamanna sem fara um svæðið. Það kemur fram í síðustu könnun að einungis 15 manns eða 11.8% viðmælanda af þeim 127 sem höfðu skoðun á málinu þótti aðstæður vera í lagi. Sýna þessar niðurstöður hversu stór hluti viðmælanda er óánægður með umferðarmálin á umræddu svæði. Mikil slyshætta er á svæðinu vegna umferðar bifreiða sem bruna í gegnum svæðið þar á meðal olíubílar. Höfnin var einu sinni höfn, nú eru aðstæður allt aðrar. Viðmælendur telja hættulegt að keyra um svæðið. Það er verið að bíða eftir stóra slysinu að mati þeirra sem eiga erindi á svæðið.

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 12:25**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson
Hjálmar Sveinsson
Hildur Björnsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Eypór Laxdal Arnalds
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2018, þriðjudaginn 18. september kl. 10:18 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 989. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Mátsson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Oskar Torfi Þorvaldsson og Jón Hafberg Björnsson.
Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Arkarvogur 2 (01.451.401) 105601 Mál nr.
BN054742
710817-0810 ÞG hús ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja 3 - 5 hæða fjölbýlishús, fjórar byggingar, staðsteyptar, einangraðar og klæddar að utan, með 162 íbúðum og bílgeymslu fyrir 162 bíla á lóð nr. 2 við Arkarvog.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 5. júlí 2018, yfirlitsmynd um ofanvatnslausnir o.fl varðandi lóð frá Landslag ódagsett.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. júní 2018, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. júní 2018 ásamt því að lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2018.
Stærð, A-rými: 22.618,2 ferm., 76.414rúmm.
B-rými: 588,4 ferm.
Samtals: 23.206,6 ferm
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Á milli funda.
2. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055196
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofur á hluta 4. hæðar L1, sem er mhl. 12 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Ármúli 5 (01.262.002) 103514 Mál nr.
BN055198
620104-2480 Prófastur ehf., Engjateigi 5, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052120 þannig að útsogsrör frá eldhúsi er flutt á austurgafli og minniháttar breytingar innandyra á lóð nr. 5 við Ármúla.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
4. Ármúli 34 (01.293.203) 103810 Mál nr.
BN054834
540513-1550 Hegri fjárfestingar ehf., Hegranesi 26, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að byggja brunastiga á austurgafli og innrétta gististað í flokki II, teg. b fyrir 36 gesti á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 34 við Ármúla.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 31. maí 2018, samþykki meðeiganda dags. 7. júní 2018 og brunahönnun dags. 5. júní 2018.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. september 2018.

Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Ármúla 27, 29, 32 og 36 og Síðumúla 17, 19 og 21 frá 13. ágúst 2018 til og með 10. september 2018. Engar athugasemdir bárust.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. Ásvegur 11 (01.353.121) 104239 Mál nr.
BN054831

291278-5909 Auður Jóna Erlingsdóttir, Ásvegur 11, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja hæð ofaná, innréttu íbúð í kjallara, byggja svalir og utanáliggjandi stigahús, skipta húsi í tvær eignir og innréttu geymslur í bílskúr húss á lóð nr. 11 við Ásveg.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2018.

Stækkun: xx ferm.

Stærð eftir stækkun: 210,6 ferm., 448,7 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

6. Bergstaðastræti 12 (01.180.211) 101699 Mál nr.
BN054172

620805-3270 Bergtak ehf., Bergstaðastræti 12, 101 Reykjavík

Sótt er um breytingu á erindi BN051169 sem felst í því að tveir útveggir í húsi nr. 12B, mhl.03, verða úr timbri og léttum innvegg við lyftu er bætt við í húsi nr. 12A, mhl.01, á lóð nr. 12 við Bergstaðastræti.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. Bergstaðastræti 20 (01.184.011) 102006 Mál nr.
BN055021

100373-5649 Örn Úlfar Höskuldsson, Bergstaðastræti 20, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir nýjum inngöngudyrum, breytingum innanhúss, nýjum svölum á vesturhlíð og samnýtingu eignahluta í húsi nr. 20 við Bergstaðastræti.

Meðfylgjandi er bréf frá hönnuði dagsett 17.07.2018, afrit af rekstrarleyfi f. gististað í flokki I frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, afrit af umsókn um rekstrarleyfi dags. 21.7.2016, umsögn borgarráðs dags. 25. jan. 2017, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. ágúst 2018 og innsent bréf hönnuðar dags. 5.9.2018 varðandi breytingar í umsókn.

Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. september 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

8. Bergstaðastræti 29 (01.184.413) 102073 Mál nr.
BN054925
040474-5019 Guðmundur Aðalsteinsson, Danmörk, Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í húsi á lóð nr. 29 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.
9. Bíldshöfði 14 (04.064.102) 110670 Mál nr.
BN054324
470483-0599 Barki ehf, Pósthólf 335, 202 Kópavogur
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og áður gerðu millilofti í rými 0102 með aðgengi frá 0103 og 0104 vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingar í húsi á lóð nr. 14 við Bíldshöfða.
Milliloft: 170,6 ferm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
10. Blikastaðavegur 2-8 (02.496.101) 204782 Mál nr.
BN055159
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054019 þannig komið er fyrir léttbyggðum viðbyggingum, á suðvesturhlið sem hýsa korn- og hveitisíló, á norðvesturhlið er nýr aðalinngangur fyrir skrifstofur og á suðausturhlið er gerður starfsmannainngangur, verkstæði og móttökurými ásamt því að gerðar eru breytingar á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.
Greinagerð hönnuðar dags. 30. ágúst 2018 og umsögn brunahönnuðar dags. 29. ágúst 2018 fylgja erindi.
Stækkun: 1.175,4 ferm., 4.895,6 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilið lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
11. Bolholt 6-8 (01.251.203) 103441 Mál nr.
BN055150
480402-2430 Stay ehf., Einholti 2, 105 Reykjavík
Sótt er um breytingu á erindi BN054047 sem felst í breytingum á skábrautum, neyðarlýsingu, starfsmannarými og tæknirými á 3. og 5. hæð í gististað í flokki II í húsi á lóð nr. 6-8 við Bolholt.

Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

12. Brautarholt 8 (01.241.205) 103023 Mál nr.
BN054849
070353-2889 Helgi Þorgils Friðjónsson, Kárástígur 9, 565 Hofsós
Sótt er um leyfi til að breyta vinnustofu, rými 0202, í íbúð og koma fyrir svölum og björgunaropum í gluggum á vesturhlið í húsi á lóð nr. 8 við Brautarholt.
Samþykki meðeigenda ódags. fylgir ásamt bréfi aðalhönnuðar dags. 28.05.2018.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 06.04.2018 við fyrirspurn SN180207.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. september 2018 fylgir erindi.
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Brautarholti 6, Skipholti 7, 9 og Stúfholti 1 og 3 frá 2. ágúst 2018 til og með 30. ágúst 2018. Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
13. Búðagerði 9 (01.814.009) 107921 Mál nr.
BN054558
490516-0340 NLG 1 ehf., Ljósvallagötu 22, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera stálvalir á rishæð, breyta innra skipulagi í stigahúsi og fá samþykka áður gerða íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 9 við Búðagerði.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 17. apríl 2018 og samþykki meðeigenda bréf I og II, dags. 25. júní 2018.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. maí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísað til uppdráttar nr. 100 dags. 9. ágúst 2018.
14. Bæjarflöt 9 (02.576.004) 225815 Mál nr.
BN055177
671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN54614 þannig að byggingarefni hússins verði steypa í stað stálgrindar og settar verði upp flóttasvalir við öll rými í húsi nr. 9 við Bæjarflöt.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
15. Fellsmúli 24 (01.297.101) 103858 Mál nr.
BN055132
600302-2560 Dalborg hf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN054496 þannig að í rými 0105 og 0106 verður komið fyrir stafsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 24 til 26 við Fellsmúla.
Bréf frá hönnuði dags. 21. ágúst 2018 fylgir.
Gjald kr. 11.000

Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

16. Fjölnisvegur 11 (01.196.506) 102662 Mál nr.
BN055193
490616-1280 Djengis ehf., Borgartúni 29, 105 Reykjavík
010381-4799 Ingólfur Abraham Shahin, Vesturás 40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja nýjan kvist á norðurhlið, gera nýjan stiga milli annarrar hæðar og riss, breyta innra fyrirkomulagi og lækka land við suðurhlið húss á lóð nr. 11 við Fjölnisveg.
Jafnframt er erindi BN055016 dregið til baka.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018.
Stækkun: 9,9 ferm., 17,1 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísað til uppdráttar nr. A100, A101, A102 dags. 7. september 2018.
17. Fossaleyni 1 (02.456.101) 190899 Mál nr.
BN055190
460207-0880 Síminn hf., Ármúla 25, 108 Reykjavík
521009-2170 Knatthöllin ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að setja upp tvö farsímaloft, annað loftnetið er á vesturhlið og hitt á suðurhlið og verður komið fyrir tæknibúnaði í loftræsirympi á 2. hæð í húsi á lóð nr. 1 við Fossaleyni.
Leigusamningur dags. 1. júní 2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
18. Frakkastígur 8 (01.172.109) 101446 Mál nr.
BN055158
500613-0170 Blómaþing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047643 þannig að gasgeymslu er komið fyrir utan við sorpgeymslu í garði, breytingu á brunastúku í kjallara og breytta skilgreiningu á klæðningum v/lokaúttektar í veitingastað á lóð nr. 8 við Frakkastíg.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

19. Frakkastígur 14A (01.182.123) 101838 Mál nr.
BN054938
550703-2890 Svarti ehf, Nóatúni 17, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki II, tegund g, fyrir 14 gesti ásamt leyfi til að setja flóttasvalir og björgunarop á norðurhlið húss á lóð nr. 14A við Frakkastíg. Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 10. ágúst 2018. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. ágúst 2018, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
20. Freyjubrunnur 2-8 (02.695.801) 205737 Mál nr.
BN055160
180577-4249 Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, Ólafsgeisli 27, 113 Reykjavík
160874-5709 Þorkell Frímann Viðarsson, Ólafsgeisli 27, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN035324 vegna lokaúttektar á húsi nr. 8 á lóð nr. 2-8 við Freyjubrunn.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
21. Freyjugata 41 (01.194.206) 102550 Mál nr.
BN055194
590416-0370 Ásmundarsalur ehf., Freyjugötu 41, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053002 þannig að texta byggingarlýsingar um brunavarnir er breytt vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 41 við Freyjugötu.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
22. Gefjunarbrunnur 7 (02.695.203) 206007 Mál nr.
BN054948
160882-3529 Gunnar Hannesson, Þorrasalir 13, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til þess að byggja einbýlishús úr varmamótum á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á lóð nr. 7 við Gefjunarbrunni.
